

Borgarstjórn Reykjavíkur

31. mars 2015

Tillaga um að stofnuð verði ofbeldisvarnarnefnd á vegum mannréttindaráðs

Konur voru í forystu fyrir byggingu spítala fyrir 100 árum til að efla heilbrigði þjóðarinnar. Stærsta heilbrigðisvandamál nútímans er ofbeldisógnin. Hátíðafundur kvenna í borgarstjórn samþykkir því að fela forsætisnefnd að hefja undirbúning að stofnun ofbeldisvarnefndar á vegum mannréttindaráðs. Tillaga að fyrirkomulagi liggir fyrir þann 1. nóvember 2015.

Greinargerð:

Ofbeldi gegn konum og börnum er algengasta og alvarlegasta ofbeldis- og heilbrigðisógn sem stafar að Íslensku samfélagi og það er mikilvægt að borgarstjórn taki málið á dagskrá og geri allt sem stuðlað getur að friðsælli borg og auknu öryggi borgarbúa. Tillögu þessari er ætlað að tryggja að baráttan gegn ofbeldin gegn konum og börnum verði sett í forgang sem viðvarandi viðfangsefni stjórnmalanna og stofnana borgarinnar. Það er mikilvægt að borgarstjórn hafi yfirsýn yfir stöðu mál í borginni, hvaða forvörnum er beitt, hvaða þjónusta er í boði fyrir brotþola og hvaða þjónustu borgin er að veita. Tryggja þarf samráð milli stofnana borgarinnar annars vegar og stofnana borgarinnar og grasrótarsamtaka hins vegar til þess að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum og börnum sérstaklega en einnig forvarnir fyrir ofbeldi almennt. Reykjavík hefur áður tekið forystu í mannréttindamálum á Íslandi og því eðlilegt að við leiðum vagninn ofbeldisvarnarmálum. Enginn á að þurfa að lifa við það að vera beittur ofbeldi en stærsta ofbeldisógnin er kynbundið ofbeldi sem beinist gegn konum og ogbeldi gegn börnum. Því er eðlilegt að ofbeldisvarnarnefnd setji þau mál í forgang enda um alvarlega heilbrigðisógn að ræða. Í könnun sem Velferðarráðuneyti kynnti árið kom fram að 42% kvenna hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Út frá niðurstöðu rannsóknarinnar má áætla að um 45 þúsund konur á Íslandi hafi orðið fyrir ofbeldi og þar af um 20 000 konur í Reykjavík. Að um 12 þúsund konur í Reykjavík hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi, þar af 6000 konum nauðgað eða gert hafi verið tilraun til að nauðga þeim. Kynbundið ofbeldi brýtur gegn mannréttindum og grundvallarfrelsi einstaklinga og skylda ber til að leita allra leiða til að uppræta þann smánarblett sem kynbundið ofbeldi er á íslensku samfélagi og tryggja stjórnarskrárvarin réttindi þolenda til mannhelgi og jafnréttis. Reykjavíkurborg tekur nú þátt í átaksverkefni með lögreglunni til að bregðast við heimilisofbeldi þar sem lögð er áhersla á að bæta verklag, samráð og fagþekkingu þeirra sem starfa með þolendum og gerendum. Bæta á alla upplýsingamiðlun og fræðslu um heimilisofbeldi og á þar sérstaklega að huga að margbreytileika í samfélaginu, m.a. með túlkapjónustu fyrir innflytjendur og átaksverkefni sem lýtur að ofbeldi gegn fötluðu fólki. Byggt á nýlega útkominni skýrslu en áður hafði komið skýrsla um umfang ofbeldis gegn fötluðum konum á vegum Velferðarráðuneytis. Reykjavík tekur einnig þátt í verkefni UNIFEM “safe cities” sem gengur út á að tryggja öryggi fólks á götum úti en í könnun sem lögreglan gerði í fyrra kom í ljós 77% kvenna upplifa óöryggi í miðborg Reykjavíkur að næturlagi. Betri gaum þarf að gefa ofbeldi sem eldra fólk verður fyrir, fólk í samkynja samböndum og ofbeldi byggt á hefðum eða trúarskoðunum. Ofbeldi fólks af erlendum uppruna virðist vera hlutfallslega meira en annarra og við því þarf að bregðast sérstaklega. Ofbeldi á netinu þarf einnig að skoða. Fræðslu og samfélagslegan stuðning þarf við gerendur ofbeldis þannig að þeir láti af þeirri skaðlegu hegðun að beita annað fólk ofbeldi. Ofbeldi gegn börnum er stórt og aðkallandi samfélagslegt vandamál. Samkvæmt niðurstöðu íslenskrar rannsóknar má áætla að fimmta hver stúlka á Íslandi sé beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur og tíundi hver drengur. Rannsóknir á vegum RG hafa sýnt enn hærri tölur. Það

eru því mun meiri líkur á að barn verði fyrir kynferðisofbeldi en að það verði fyrir bíl til dæmis, samt um mikið meiri áherlsa lögð á að verja börn gegn því síðarnefnda. Nú hefur bæst við hrelliklám og einelti í mörgum formum sem áður þekktust ekki. Í skýrslu UNICEF um réttindi barna á Íslandi ofbeldi og forvarnir er lagt til að stofnað verði ofbeldisvarnarráð og bent er á að litlu opinberu fjármagni hefur verið varið í forvarnir gegn ofbeldi þó vissulega hafi verið bætt sú þjónusta sem börn sem verða fyrir ofbeldi geta sótt. Lífsgæði, Heilsa og jafnvel líf fólks veltur á því að við borgaryfirvöld takið málið á sitt borð og skoði hvernig koma má í veg fyrir að ofbeldi eigi sér stað í borginni. Hávær krafa hefur verið uppi um að ríkið setji á stofn ofbelidisvarnarráð sem fjalli heildstætt um málaflokkinn, Reykjavík getur hafið vinnuna og orðið fyrirmynd annarra sveitarfélaga hvað varðar forvarnir í ofbeldismálum og samræmd fagleg viðbrögð ef upp kemur grunur um hverskyns ofbeldi eða að barn sé vanrækt. Forvarnir eru nauðsynlegar og tækifærin eru víða bæði innan starfsemi borgarinnar og einnig í samstarfi við aðra aðila og í formi vitundarvakningar. Það er mikilvægt að svo stórt mál sé viðfangsefni sérstakrar nefndar sem hefur það hlutverk að kalla eftir upplýsinum um málaflokkinn, makra stefnu, og fylgja aðgerðaáætlunum eftir. Lagt er til að horft verði til Svíþjóðar sem fordæmis og hvernig ofbeldisvarnarráð vinnur þar í Stokkhólmi. Stjórnámálamenn sitja í stefnumótandi ofbeldisvarnarráði sem vinnur í nánú samráði við félagsþjónustu, skóla, lögreglu, heilsugæslu, barnavernd, kvennaathvörf og aðra þá er vinna að málaflokknum annað hvort í forvarnaskini eða að vera til staðar fyrir þá sem beittir hafa verið ofbeldi og hjálpa þeim að vinna úr því. Það er mikilvægt að Reykjavík hafi yfirsýn yfir málaflokkinn og nefnd sem einungis hefur það hlutverk að marka stefnu og koma með tillögur að því hvernig bæra meigi öryggi borgarbúa.